

Skilmálar um aðgang og notkun á MICROSOFT áskriftarþjónustu Advania

VINSAMLEGAST LESIÐ SKILMÁLA ÞESSA VANDLEGA YFIR
ÁÐUR EN ÞEIR ERU SAMÞYKKTIR OG ÞJÓNUSTAN ER TEKIN Í NOTKUN.

Síðast uppfært: 10. nóvember 2016

1 AÐILAR

<u>Kaupandi:</u>	<u>Seljandi:</u>	
Fyrirtæki:	Fyrirtæki:	Advania hf.
Heimilisfang:	Heimilisfang:	Guðrúnartún 10
Kennitala:	Kennitala:	590269-7199
Póstfang:	Póstfang:	105 Reykjavík
Tengiliður:	Tengiliður:	Sigurður Friðrik Pétursson
Netfang:	Netfang:	sigurdurp@advania.is
Sími:	Sími:	440 9000

Ofangreindir aðilar gera með sér eftirfarandi samning um kaup **[fyrirtækis]** að Microsoft áskriftarþjónustu Advania sem Advania hefur milligöngu um fyrir Microsoft Corporation.

2 STAÐFESTING SKILMÁLA

Með skriflegri undirritun eða rafrænu samþykki þessara skilmála, er varða aðgengi og notkun á Microsoft áskriftarþjónustu Advania, staðfestir kaupandi að hann hafi lesið og kynnt sér þessa skilmála, almenna viðskiptaskilmála Advania og skilmála Microsoft Corporation vegna Microsoft áskrifta.

Samþykki samkvæmt framansögðu felur í sér bindandi samning á milli Advania og kaupanda.

Sé kaupandi að staðfesta skilmála þessa fyrir hönd þriðja aðila staðfestir kaupandi að hann/hún hafi stöðuumboð eða heimild fyrir því að samþykkja skilmálana og í krafti þess heimild til að skuldbinda umræddan þriðja aðila samkvæmt skilmálum þessum. Hvers konar notkun á þjónustunni jafngildir enn frekari staðfesting á samningnum.

3 HLUTVERK MICROSOFT CORPORATION OG ADVANIA

Microsoft áskriftarlausnir er mengi hugbúnaðarlausna sem fyrirtækið Microsoft Corporation, sem hefur höfuðstöðvar sínar í Bandaríkjunum, býður viðskiptavinum sínum upp á. Með Microsoft áskriftarlausnum geta notendur vistað gögn sín hjá fyrirtækinu, haft afnot af þjónustum yfir netið og háð áskriftarleiðum haft afnot af hugbúnaði á eigin búnaði.

Microsoft Corporation er seljandi og eigandi að Microsoft. Advania er samstarfsaðili Microsoft Corporation og sinnir í umboði Microsoft m.a. milligöngu um sölu á Microsoft lausnum í gegnum hið svokallaða Cloud Solutions Provider (CSP) program. Sem milligönguaðili sér Advania um innheimtu

greiðslna vegna kaupa viðskiptavinar á Microsoft áskriftum sem og viðbótarþjónustu. Þannig snýr samningssamband kaupanda við Advania eingöngu að innheimtu greiðslna og viðbótarþjónustu vegna Microsoft áskrifta en ekki með neinum hætti að hugbúnaðinum sem slíkum.

Samhliða samþykki á skilmálum þessum staðfestir kaupandi að hann hafi kynnt sér og samþykkt skilmála Microsoft Corporation vegna Microsoft (Microsoft Cloud Agreement), sjá Fylgiskjal 1.

Advania er ekki aðili að Microsoft Cloud Agreement og ber ekki skyldur gagnvart kaupanda á grundvelli þessa samnings. Þannig ber Advania til dæmis ekki ábyrgð á hýsingu, meðferð gagna eða uppitíma þjónustunnar. Advania býður til sölu ráðgjafarþjónustu, notendapjónustu og innleiðingarþjónustu til þeirra sem vilja kaupa aðstoð við notkun Microsoft áskriftarþjónustunnar eins og nánar er fjallað um í grein 4.

4 ÖNNUR ÞJÓNUSTA EÐA AÐRAR VÖRUR

Advania er samkvæmt Microsoft Cloud Agreement þjónustuaðili fyrir Microsoft Cloud. Á þeim grundvelli býður Advania kaupanda alla aðstoð, ráðgjafarþjónustu, notendapjónustu og innleiðingarþjónustu vegna Microsoft áskrifta. Það skal þó tekið fram að uppfærslur sem Microsoft gerir á áskriftum eru innifaldar í verði og ekki þarf að gera um þær sérstakan uppfærslusamning.

Kaupandi getur valið að gera við Advania sérstakan þjónustusamning vegna þessa og greiðir þá gjald fyrir þá viðbótarþjónustu í samræmi við þann þjónustusamning. Að öðrum kosti greiðir kaupandi gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir veitta þjónustu. Um alla veitta þjónustu af hálfu Advania gilda almennir viðskiptaskilmálar Advania (sjá Fylgiskjal 2) sem kaupandi staðfestir að hafa kynnt sér og samþykkt samhliða samþykki á skilmálum þessum.

Óski kaupandi eftir að kaupa aðra þjónustu eða vörur en Microsoft áskriftarþjónustu Advania skal gerður um það sérstakur samningur.

5 GILDISTÍMI SAMNINGS

Lágmarkstími áskriftar er 24 mánuðir en kaupanda er heimilt að fjölga eða fækka notendum á þeim tíma. Að áskriftartímabili liðnu endurnýjast áskriftin um 12 mánuði í senn nema tilkynnt sé um uppsögn með 30 daga fyrirvara fyrir endurnýjun.

6 VERÐ OG GREIÐSLUSKILMÁLAR

Verð fyrir Microsoft áskriftarþjónustu Advania tekur mið af útgefni verðskrá Microsoft Corporation.

Gjald fyrir aðgang að Microsoft áskriftarþjónustu Advania er innheimt mánaðarlega fyrirfram í samræmi við stöðu á reikningsdegi og skal eindagi reikninga vera 20 dögum eftir útgáfudag. Gildandi verðskrá Microsoft Corporation í evrum við undirritun gildir út samningstímamann. Við endurnýjun samnings, hafi honum ekki verið sagt upp fyrir lok binditíma í samræmi við grein 5 í þessum skilmálum, uppfærast gjald í samræmi við gildandi verðskrá Microsoft í evrum á þeim tímapunkti.

7 GREIÐSLUDRÁTTUR

Komi til greiðsludráttar af hálfu kaupanda áskilur Advania sér rétt til innheimtudráttarvaxta á reikninga sem greiddir eru eftir eindaga í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Komi til verulegs greiðsludráttar áskilur Advania sér rétt til að loka tímabundið á þjónustuna og krefjast opnunargjalds þegar hún er opnuð að nýju. Verulegur greiðsludráttur telst vera greiðsludráttur sem varir í meira en 30 daga eftir eindaga reiknings. Advania áskilur sér rétt til að fjarlægja uppsetningu kaupanda af vörinni í kerfum Microsoft 30 dögum eftir lokun. Ef tímabil vanskila fer yfir endurnýjunartíma áskriftar er Advania heimilt að fjarlægja uppsetninguna á lokadegi áskriftar. Advania ábyrgist ekki varðveislu gagna notenda ef til lokunar eða eyðingar uppsetningar kemur.

8 PERSÓNUVERND

Að því marki sem þjónusta fyrir viðskiptavin felur í sér vinnslu persónuupplýsinga telst Advania vera vinnsluaðili og viðskiptavinur ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Við slíka vinnslu er vinnsluaðila einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg. Skyldur ábyrgðaraðila samkvæmt fyrrgreindum lögum gilda einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast.

9 MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA

Komi upp ágreiningur vegna Microsoft áskriftarþjónustu Advania eiga einungis Microsoft Corporation og viðkomandi kaupandi aðild að slíkri deilu. Um gildandi löggjöf og varnarþing í slíkri deilu fer eftir ákvæðum Microsoft Cloud Agreement og þeim lögum sem í gildi eru á hverjum tíma. Með því að ljúka skráningarferlinu staðfestir kaupandi Microsoft áskriftarþjónustu Advania að hann sé samþykkur framangreindu og skuldbindur sig til að beina engum kröfum að Advania hf. vegna umkvörtunarefna sinna sem tengjast Microsoft áskriftarþjónustu Advania, að öðru leyti en er varðar innheimtu gjalda eða veitta þjónustu undir grein 4 hér að framan.

Um samning þennan gilda íslensk lög. Rísi mál vegna framkvæmdar á samningi þessum eða túlkun á einstökum ákvæðum hans skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

10 UNDIRRITUN

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Dagsetning og staður: _____

Fyrir hönd Advania, kt. 590269-7199

Fyrir hönd kaupanda